

ur því, hvar hann er ávaxtaður, gerir árleg reikningsskil fyrir honum og ákveður, hvernig varið skuli fé því, er til úthlutunar kemur árlega. Reikningsár sjóðs- 83
ins sé almanaksárið. 31. ágúst

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Dagverðanesi, 5. apríl 1930.

Pétur Jónsson,
bóndi í Dagverðanesi.

Ásgeir Ásgeirsson,
prófastur í Hvammi.

Þórður Jónsson,
bóndi á Ballará.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Vestur-Ísa- 84
fjarðarsýslu“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumála- 31. ágúst
ráðherra 31. ágúst 1931. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningarsjóður Vestur-Ísafjarðarsýslu“ og er stofn-
aður til minningar um eitt þúsund ára afmæli hins íslenska ríkis, árið 1930.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður árið 1931 af 500 króna framlagi frá Vestur-Ísa-
fjarðarsýslu og er ætlað til, að honum, auk vaxta, geti hlotnast tekjur, svo sem
með árstíllögum hreppa eða sýslu, gjöfum, áheimum eða erfðafé frá einstökum
mönnum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er — á sínum tíma, sbr. 4. gr. — að styðja grasrækt,
garðrækt og skógrækt í Vestur-Ísafjarðarsýslu. — Akuryrkja getur og komið
til greina.

4. gr.

Fé sjóðsins skal geymt og ávaxtað í aðaldeild Söfnunarsjóðs. Vextir af
sjóðnum og aðrar tekjur, er honum kunna að falla, skulu árlega leggjast við
höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 1000000 — ein milljón — króna. Þá

84 skal verja allt að $\frac{4}{5}$ — fjórum fimmtu — hlutum vaxtanna samkvæmt 3. gr.,
31. ágúst en minnst $\frac{1}{5}$ — einn fimmti — hluti vaxtanna leggst árlega við höfuðstólinn.

5. gr.

Meðan hann liggur óhreyfður í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins og allir vextir — ásamt öðrum tekjum, er honum kunna að hlotnast — leggjast við höfuðstólinn, eða þangað til hann er orðinn ein milljón króna, skal hann vera í vörzlum ráðuneytis þess, er fer með landbúnaðarmálin og sér það um að vextir — og aðrar tekjur er honum kunna að falla — sé árlega lagt við höfuðstólinn og innfært í viðskiptabók sjóðsins við Söfnunarsjóð, sem geymd er í vörzlum þess. Ársreikning sjóðsins, sendir ráðuneytið, fyrir marzmánaðarlok hvers árs, oddvita sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem leggur hann fram á sýslufundi.

Eftir að sjóðurinn er orðinn ein milljón króna, afhendir ráðuneytið hann þriggja manna stjórnarnefnd, er þá skal taka við stjórn sjóðsins og umsjá. Skal hún þannig skipuð: Landbúnaðarráðherra, eða embættismaður sá í landbúnaðarráðuneytinu, sem næstur honum gengur, er sjálfkjörinn í nefndina og formaður hennar. Annar nefndarmaðurinn sé árlega kosinn af aðalsýslufundi Vestur-Ísafjarðarsýslu, en hinn þriðji sé árlega kosinn af þeim jarðræktarfélagum, sem á hverjum tíma eru starfandi í sýslunni.

6. gr.

Eftir að sjóðurinn hefir náð einni milljón króna, skal stjórn sjóðsins árlega — fyrir marzmánaðarlok — semja reikning hans fyrir næstliðið almanaksár. Séu reikningarnir endurskoðaðir af tveimur mönnum, kosnum af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu. Séu þeir síðan lagðir fyrir aðalfund Vestur-Ísafjarðarsýslu til samþykktar.

7. gr.

Þegar til þess kemur að veita fé úr sjóðnum samkvæmt 3. gr., ákveður stjórn sjóðsins um tilhögun starfseminnar og hefir yfirumsjón með henni. Heimilt er henni að ráða fastan framkvæmdarstjóra og greiða honum laun af fé sjóðsins. Sé hann stjórn sjóðsins hvívetna til ráðuneytis og sjái um aðalframtæmd ræktunarfyrirtækjanna. Enda hafi hann sérþekkingu í þeim málum.

8. gr.

Skipulagsskrá þessa má endurskoða á fimmtíu ára fresti, um næstu eitt þúsund ár og gera á henni þær breytingar, sem nauðsynlegar eru vegna breyttrar þjóðfélagsskipunar eða af öðrum knýjandi ástæðum. Tilgangi sjóðsins má þó ekki breyta, ekki skerða höfuðstólinn og ekki leggja minna við hann árlega, en einn fimmta hluta vaxtanna.

9. gr.

84

Árið tvö þúsund níu hundruð og þrjátíu fellur skipulagsskrá þessi úr 31. ágúst gildi, með þeim breytingum, sem þá kunna að verða á henni orðnar, þeim, sem þá fara með sameiginlegar ráðstafanir ræktunarmálanna á því svæði, er nú heitir Vestur-Ísafjarðarsýsla, er þá heimilt að ráðstafa sjóðnum á þann hátt, er að mestu gagni þykir mega verða fyrir menningarlega framtíð þessa svæðis. Ráðstöfun þessi hljóti samþykki æðstu innlendrar búnaðarmálastjórnar landsins.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá, sem er samin af nefnd þeirri í Vestur-Ísafjarðarsýslu, er undirbjó þátttöku sýslubúa í alþingishátíðinni á Þingvöllum árið 1930 og samþykkt af aðalfundi sýslunefndarinnar 5. maí 1931.

F. h. sýslunefndar V.-Ísafjarðarsýslu.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 6. júlí 1931.

Oddur Gíslason.

AUGLÝSING

85

7. sept.

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lög-
reglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 82. 24. september. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um

breyting á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Í stað orðanna „við allar opinberar samkomur“ í 75. gr. lögreglusamþykktarinnar komi: Við skrautsýningar og sjónleika.